



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) styður ofangreint frumvarp enda ekki vanþörf á að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Eitt meginmarkmið KRFÍ er að berjast fyrir því að konur fái aukin áhrif í samfélaginu. Ójöfn staða kynjanna hefur m.a. endurspeglast í mjög ójöfnum hlut kynjanna í atvinnu- og viðskiptalífi, sérstaklega í stjórnnum fyrirtækja, þrátt fyrir óvenju mikla atvinnuþátttöku kvenna hér á landi.

KRFÍ fagnar því umræddu frumvarpi sem er ætlað að leita leiða til að gera konum í auknum mæli kleift að koma að stjórnnum fyrirtækja og gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum og meðal starfsmanna með því að tryggja gagnsæi varðandi kynjahlutföll.

Með frumvarpinu er ríkari upplýsingaskylda lögð á herðar hlutafélögum og einkahlutafélögum um kynjahlutföll í stjórnnum og meðal framkvæmdastjóra og starfsmanna, en gildandi lög gera ráð fyrir.

Þó að þetta frumvarp sé skref í rétta átt, hefði KRFÍ kosið að sjá að gengið yrði lengra en að tryggja upplýsingar og gagnsæi og eingöngu að hvetja til þess að gætt skuli að kynjahlutföllum.

Kvenréttindafélag Íslands hefði viljað sjá frumvarp þar sem reynt væri að tryggja með lögum að hlutur kvenna aukist frá því sem nú er, t.d. með því að hafa einhver viðurlög sé jafnra kynjahlutfalla ekki gætt, en svo er að sjá sem slík úrræði skorti í þessu frumvarpi.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri KRFÍ